

**Nd.**

**592. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa sildarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við sildarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við sildarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á sildarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verksmiðjurnar með téðum lögum.

**2. gr.**

Til þeirrar aukningar sildarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

**3. gr.**

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um sildarverksmiðjur ríkisins.

**4. gr.**

Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á sildarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að helmingi þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.